

Samningur um rekstur og afnot af félags- og skrifstofuaðstöðu á efri hæð íþróttahússins við Strandgötu, Álfafell

- 1.0 **Badmintonfélag Hafnarfjarðar (BH) k.t. tekur á leigu húsnæði í eigu Hafnarfjarðarbæjar k.t. 590169-7579 vegna félags- og skrifstofuaðstöðu fyrir félagsmenn sína. Hið leigða er samkomusalurinn Áfafell 150 fm. að stærð og skrifstofa 5 fm. á efri hæð íþróttahússins við Strandgötu.**
 - 1.1 Leiguhúsnæðið er fullfrágengið og búnaður leigusala á staðnum er á ábyrgð leigutaka. Leigusali á rétt á aðgengi að hinu leigða húsnæði í samráði við leigjanda.
 - 1.2 BH er heimilt að nota hið leigða húsnæði til funda, æfinga og félagsstarfs á þess vegum en innan þeirra reglna sem gilda um Álfafell. Tekjur af endurleigu á tímum eru alfarið félagsins.
 - 1.3 BH skuldbindur sig til þess að öll umgengni í mannvirkinu sé í fyllsta samræmi við kröfur bæjarins þar um og reglur hússins kveða á um. Félaginu ber að sinna þrifum og frágangi í félagsaðstöðunni s.s. frágangur á húsgögnum, uppvaski, gólfþvotti, rusli og öðru því sem til kann að falla við notkun á húsnæðinu. Innifalið í leigunni er kostnaður vegna vatns, rafmagns og hita.
 - 1.4 BH ber ábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum á slysum er verða í hinu leigða húsnæði.
 - 1.5 BH á ekki rétt á neinum fjárhagslegum bótum verði íþróttahúsið lokað vegna bilana, viðhalds, vatnsskorts, verkfalla og/eða atvika er þriðji aðili veldur.
 - 1.6 BH tekur að sér þrif á hinu leigða húsnæði ásamt stigapalli, snyrtiherbergjum á efri hæð, stigum og anddyri í samráði við forstöðumann íþróttahússins.
 - 1.7 BH fær afnot af öllum búnaði sem fylgir Álfafelli s.s húsgögnum, tækjum og eldhúshöldum. Í upphafi leigutíma skal gerð úttekt á hinu leigða húsnæði og tækin þess og búnaði og aftur að leigutíma liðnum.
 - 1.8 Rekstur Álfafells skal miðast við opnunartíma íþróttahússins og vera í fullu samráði við forstöðumann íþróttahússins.
 - 1.9 Fasteignafélagið fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar sér um allt viðhald húsnæðis. BH sér um allt viðhald og viðgerðir á húsgögnum og tækjum í hinu leigða húsnæði á efri hæð íþróttahússins samkvæmt leigusamningi.
- 2.0 BH skal greiða leigu með þrifum á stigapalli, snyrtiherbergjum á efri hæð, stigum og anddyri í tengslum við starfsemi sína og skal hafa um það samráð við forstöðumann íþróttahússins.

- 3.0 Samningur þessi gildir til frá 1. september 2013 og er til eins árs í senn.. Heimilt er að endurskoða samning þennan verði verulegar breytingar á umfangi rekstrar eða að forsendur fyrir rekstri breytast.
- 4.0 Um riftun á samningi þessum vegna vanefna annars hvors sammingsaðila skal fara eftir ákvæðum XII. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994. Komi upp ágreiningur um túlkun eða útfærslu á samningi þessum skal reka málið fyrir héraðsdómi Reykjaness.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi staðfestur hér með í votta viðurvist.

Hafnarfirði, ágúst 2013

Fh. Badmintonfélags Hafnarfjarðar

Fh. Hafnarfjarðarbæjar

Vottar að réttri dagsetningu
og undirskrift aðila :